

Nd. **582. Frumvarp til laga** [52. mál]
um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl)

1. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgreinar:

Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélag eða ríkisbú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins.

Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á landinu öllu.

Framlag á stofnrækt forustufjár miðist minnst við 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.